

Aðalfundur Keflavíkur
íþróttá- og ungmennafélags
2025

Skýrsla og reikningar



Miðvikudaginn 11. mars kl. 19:00



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2025-2026	3
1.1 Aðalstjórn, verkaskipting	3
2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar	4
2.1 Ritnefnd.....	4
2.2 Laganefnd.....	4
2.3 Húsnefnd	4
2.4 Innra starf félagsins	4
3.0 Störf aðalstjórnar	4
3.1 Frá síðasta aðalfundi	4
3.2 Stjórnarfundir.....	5
3.3 Af störfum aðalstjórnar	5
3.4 Viðurkenningar veittar á aðalfundum deilda.....	6
3.5 Umfang deilda Keflavíkur	6
3.6 Útgáfumál.....	6
4.0 Starfsfólk Keflavíkur	6
5.0 Félagsheimili Keflavíkur	7
6.0 Samskiptaráðgjafi í íþróttar- og æskulýðsstarfi	7
7.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ	7
8.0 Lokaorð	7
9.0 Íþróttakarlar- og kona Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2025	9
9.1 Íþróttakona Keflavíkur 2025	9
9.2 Íþróttakarlar Keflavíkur 2025	9
9.3 Íþróttakarlar- og kona deilda Keflavíkur 2025.....	10
9.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2025.....	10
10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2025	10
11.0 Starfsmerki	11
11.1 Gullmerki.....	11
11.2 Silfurmerki.....	12
11.3 Bronsmerki	13
12. Heiðursmerki, íþróttafólk Keflavíkur, starfsbikarinn og starfsmerki UMFÍ	16
12.1 Gullheiðursmerki KEFLAVÍKUR.....	16
12.2 Silfurheiðursmerki KEFLAVÍKUR	16
12.3 Íþróttamenn Keflavíkur 1995 – 2012	17
12.4 Íþróttakarlar- og kona Keflavíkur 2013 – 2024.....	17
12.5 Starfsbikar Keflavíkur	17
12.6 Gullmerki UMFÍ.....	18
12.7 Starfsmerki UMFÍ.....	18



Aðalfundur 11. mars 2026 haldinn í
félagsheimili Keflavíkur Sunnubraut 34 kl. 19:00

Dagskrá

1. Fundarsetning.
2. a) Kosinn fundarstjóri.
b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
4. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
5. a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.
b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Ávörp gesta.
7. Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
8. Lagabreytingar

Viðurkenningar

9. Kaffi hlé.
10. Kosinn formaður til eins árs.
11. Kosnir 2 menn í stjórn til tveggja ára.
12. Kosnir 3 menn í varastjórn til eins árs.
13. Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
14. Kosning fastra nefnda er aðalfundur ákveður.
15. Ákveðið félagsgjald.
16. Önnur mál.
17. Fundarslit.

1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2025-2026

1.1 Aðalstjórn, verkaskipting

Björg Hafsteinsdóttir	formaður
Sveinbjörg Sigurðardóttir	varaformaður
Garðar Newman	gjaldkeri
Eva Björk Sveinsdóttir	ritari
Jónína Steinunn Helgadóttir	meðstjórnandi
Garðar Örn Arnarsson	varastjórn
Stefán Guðjónsson	varastjórn
Guðmundur Steinarsson	varastjórn



2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar

2.1 Ritnefnd

Framkvæmdarstjóri og íþróttastjóri félagsins sáu um útgáfumálin.

Markmið: Miðla upplýsingum um störf deilda og félagið og útgáfu á jólablaði félagsins.

2.2 Laganefnd

Aðalstjórn Keflavíkur.

Markmið: Viðhalda lögum félagsins.

2.3 Húsnefnd

Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir.

Markmið: Huga að félagsheimili Keflavíkur.

2.4 Innra starf félagsins

Aðalstjórn Keflavíkur.

Markmið: Efla innra starf félagsins, hafa yfirumsjón með rekstri deilda félagsins og kynna starfið fyrir bæjarstjórn Reykjanesbæjar og Keflvíkingum.

3.0 Störf aðalstjórnar

3.1 Frá síðasta aðalfundi

Á arinu 2025 varð breyting á stjórnarskipan Aðalstjórnar. Guðmundur Steinarsson var kosinn varamaður í Aðalstjórn í staðinn fyrir Þröst Léo Jóhannson þar sem Þröstur flutti búferlum norður á Akureyri. Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn: Björg Hafsteinsdóttir, formaður Garðar Newman og Eva Björk Sveinsdóttir kosin til tveggja ára.

Stefán Guðjónsson, Garðar Örn Arnarsson og Guðmundur Steinarsson voru kjörnir varamenn til eins árs. Sveinbjörg Sigurðardóttir og Jónína S Helgadóttir voru kosnar til tveggja ára og eru því að ljúka seinna árinu.

Starfsbikar félagsins var veittur: Davíð Erni Óskarssyni

Gullheiðursmerki Keflavíkur veitt: Þorsteini Erlingssyni, Auði Bjarnadóttur og Smára Helgasyni

Silfurheiðursmerki Keflavíkur veitt: Jóni Ólafssyni og Þórólfi Þorsteinssyni (Dói)





3.2 Stjórnarfundir

Aðalstjórn Keflavíkur hélt 17 stjórnarfundir á árinu 2025. Einnig fór fram fjöldi funda með deildum, ráðum og einstaklingum auk þess koma stundum gestir á fundi til að kynna ákveðin málefni og ræða við aðalstjórn. Reynt er að hafa fastann fundartíma hjá aðalstjórn sem er annan hvern þriðjudag frá 17.00 – 19:00 og eru þeir opnir deildum félagsins. Góður starfsandi er í stjórninni og umræður líflegar og skemmtilegar.

3.3 Af störfum aðalstjórnar

Árið 2025 hefur verið viðburðaríkt hjá okkur í Keflavík Íþrótt- og ungmennafélagi.

Í byrjun árs var lokið við að setja nýtt gervigra á Nettó-höllina og tókst mjög vel til. Aðalfundur deilda fóru fram í febrúar og þar skiluðu allar 9 deildir félagsins jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Starfsmenn, stjórnarfolk og sjálfboðaliðar eiga heiður skilinn fyrir alla þá vinnu sem þeir leggja á sig fyrir félagið, án ykkar væri þetta ekki hægt.

Á síðasta aðalfundi var Björg kosin til að stýra sínu öðru starfsári sem formaður félagsins. Sú lagabreyting var gerð á þeim fundi að aðalfundir deilda munu nú fara fram í febrúar og aðalfundur félagsins í mars.

Tvær af deildum félagsins áttu stórafmæli á árinu. Fimleikadeild Keflavíkur fagnaði 40 ára afmæli og hélt uppá það með 40 fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðum á árinu. Einnig var opnuð ný aðstaða fyrir hóp fimleika á Asbrú, í gamla húsnaði Keilis sem nú hýsir meðal annars bæjarskrifstofur Reykjanesbæjar. Fimleikadeildin er ein af fjölmennustu deildum félagsins, þar er starfið mjög blómlegt og alltaf verið að betrubæta það til að geta tekið við sem flesum iðkendum. Sá draumur deildarinnar að taka fyrstu skóflustunguna að nýju fimleikahúsi varð því miður ekki að veruleika.

Taikwondodeild félagsins átti 25 ára afmæli á árinu og var frábært starf þeirra kórónað með kaupum á keppniskerfi fyrir iðkendur sem er með því allra flottasta sem til er í Evrópu.

Þorablót Keflavíkur var haldið með pompi og prakt í janúar og tókst mjög vel til. Skemmtileg samkoma og stærsti viðburður sem haldinn er á vegum félagsins.

Nýtt parket var sett í íþróttasal Heiðarskóla og var það kærkomið fyrir Blakdeild félagsins.

Á árinu tóku tveir nýir rekstrarstjórnar til starfa en það voru þær Kristín Stefánía Þórarinsdóttir fyrir körfuknattleiksdeildina og Jóna Helena Bjarnadóttir fyrir Sundráð ÍRB.

“Frísk til framtíðar” heldur áfram að slá í gegn en það er heilsueflandi hreyfing fyrir 60 ára og eldri. Fjórir hópar eru nú í slíku verkefni í Litla Sporthúsinu og komast færri að en vilja.

Á haustmánuðum var haldin Keflavíkurmessan í Keflavíkurkirkju í fyrsta sinn. Messan tókst með afbrigðum vel og er stefnt á að halda hana einu sinni á ári eða alltaf í kringum afmæli félagsins í lok september.

Í október var líka haldinn í fyrsta skipti “Fræðalsudagur Keflavíkur” fyrir þjálfara og stjórnarfolk. Þar voru flutt tvö frábær erindi og er stefnan að halda slíka fræðslu í september á hverju ári.

Á árinu hefur starfsfolk félagsins heimsótt önnur íþróttafélög til að fræðast um þeirra starfsemi og rekstur. Það er gott að sjá hvað aðrir eru að gera en á móti kemur að við slíkar heimsóknir kemur í ljós hversu mikið við erum að dragast aftur úr varðandi aðstöðu og aðbúnað fyrir okkar fólk. Það er sorgleg staða. Við hjá aðalstjórn, ásamt starfsfólki okkar höfum eytt miklum tíma og vinnu í að fá áheyrn bæjaryfirvalda en því miður hefur það ekki fengið þann hljómgrunn sem við vonuðumst eftir. Það vantar mikið uppá að við getum kallað okkur íþróttabæ í dag. Varðandi framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja þá er það í algerrri pattstöðu. Það styttest í 100 ára afmæli félagsins sem haldið verður 2029. Við hlökkum til þeirra tímamóta og erum nú þegar byrjuð að undirbúa hátíðarhöldin. Keflavík vann ýmis afrek á íþróttasviðinu

á árinu og ætla ég ekki að tíunda þau hér. Við eigum mikið af frábæru íþróttafólki í fremstu röð, við eigum frábæra stuðnings- og styrktaraðila og við getum svo sannarlega verið stolt af því folki sem er í kringum félagið. Sjálfboðaliðar eru á undanhaldi og þurfum við að hafa okkur öll við að ná í þá, fá þá til að starfa með okkur hvernig sem við gerum það. Allar hendur eru vel þegnar. Með góðri samvinnu allra aðila getum við gert Keflavík að því stórveldi sem við viljum hafa það. “Keflavíkurfjölskyldan” er stór og sterk og vil ég eindregið efla hana og stækka mun meira. Það gerum við með samheldni og jákvæðni í garð félagsins.

Saman höldum við merki félagsins á lofti með stolti.

ÁFRAM KEFLAVÍK !



3.4 Viðurkenningar veittar á aðalfundum deilda

Gullmerki fyrir fimmtán ára stjórnarsetu:

Guðný Magnúsdóttir stjórn sunddeildar

Jónas Andrésson stjórn skotdeildar

Silfurmerki fyrir tíu ára stjórnarsetu:

Bronsmerki fyrir fimm ára stjórnarsetu:

Anna Sigríður Jóhannesdóttir stjórn fimleikadeildar



3.5 Umfang deilda Keflavíkur

Aðalstjórn er ábyrg fyrir skuldum deilda sinna skv. 3. gr. reglugerðar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar. Innan Keflavíkur eru starfandi níu deildir. Deildir félagsins eru misstórar og rekstur þeirra misjafn. Deildir hafa lokið sínum aðalfundum og það má segja að þeir sjálfbóðaliðar sem þar eru í stjórnnum hafa unnið mjög svo óeigingjarnt starf. Rekstur deildanna er alltaf að verða erfiðari og erfiðari og erfiðara að fá fólk til að koma í stjórn eða gerast sjálfbóðaliðar fyrir félagið. Á árinu 2025 voru haldnir tæplega 2700 viðburðir/leikir í yngri flokkum, rúmlega 10 þúsund æfingar eða samtals 12.853 æfingar og viðburðir. Við erum með í kringum 100 þjálfara á launum hjá félaginu og tugi foreldra sem taka að sér að stýra foreldrafélögum hjá hinum ýsmu flokkum. Fyrir það erum við óendanlega þakklát

3.6 Útgáfumál

Jólablaðið kom út í desember og var stjórn félagsins ánægð með útkomu blaðsins. Aðalstjórn ákvað að breyta til og gefa blaðið eingöngu út í rafrænu formi. Almennt séð voru allir ánægðir með þessar breytingar. Aðalstjórn fékk Jóhann Pál Kristbjörnsson til að taka að sér útgáfu blaðsins. Blaðið er fullt af viðtölum við ýmsa aðila úr öllum deildum félagsins. Forsíðuna prýða þeir Frans Elvarsson og Sindri Snær Magnússon. Myndin er tekin í leik Keflavíkur og HK í úrslitaleik umspils um að komast í deild þeirra bestu þar sem Keflavík bar að sjálfsögu sigur úr bitum og spilar því í deild þeirra bestu á næsta tímabili sem hefst núna í apríl nk. Heimasíða félagsins geymir líka upplýsingar um ýmsa viðburði félagsins, stjórnir og starfsfólk þess. Heimasíðan er aðeins komin til ára sinna og þarf að fara að huga að breytingum á henni. Félagið heldur líka einnig úti facebook síðu og er á instagram. Umsjónarmaður með þessu öllu er íþróttastjórinn Hjördís Baldursdóttir. Það er alveg farið að sýna sig að það er komin tími á að félagið fái enn eitt stöðugildið frá Reykjanesbæ til að ráða til sín markaðs- og viðburðarstjóra. Það er orðið nánast ómögulegt að bæta þessu sviði á starfsfólk skrifstofunnar ef vel á að sinna þessum málum. Slóð heimasíðunnar er: <http://www.keflavik.is>. Rafrænn póstur til félagsins er keflavik@keflavik.is.



Jólablað Keflavíkur
2025

4.0 Starfsfólk Keflavíkur

Hjá Keflavík eru fimm starfsmenn á skrifstofum félagsins.

Birgir Már Bragason er framkvæmdastjóri Keflavíkur

Guðbjörg Björnsdóttir er fjármálastjóri Keflavíkur

Hjördís Baldursdóttir er íþróttastjóri Keflavíkur

Ragnar Aron Ragnarsson er rekstrarstjóri knattspyrnudeildar Keflavíkur

Kristín Stefanía Þórarinsdóttir er rekstrarstjóri körfuknattleiksdeildar Keflavíkur



5.0 Félagsheimili Keflavíkur

Félagsheimili Keflavíkur er gríðalega mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins. Við höfum þrjá sali og eitt fundarherbergi fyrir starfsmenn og stjórnarfolk til að hittast á og halda fundi og ýmsa viðburði. Félagsheimilið er gríðalega mikið notað eru yfirleitt bókaðir á milli 50-60 fundir og viðburðir í hverjum mánuði. Svo er litla sporthúsið okkar nánast þétt setið alla daga þar sem iðkendur okkar eru á styrktaræfingum. Einnig er frísk í Reykjanesbæ tvisvar í viku með styrktar æfingar fyrir fólk 65 ára og eldri.



6.0 Samskiptaráðgjafi í íþróttar- og æskulýðsstarfi

Einelti, áreitni og ofbeldi í hvers kyns mynd er ekki liðið innan íþróttar- eða æskulýðsstarfs. Markmiðið með starfsemi Samskiptaráðgjafa er að stuðla að því að íþróttar- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar.

Hver geta leitað til samskiptaráðgjafa?

Starfssvið samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs nær til allrar skipulagðrar starfsemi íþróttar og æskulýðssamtaka sem starfa á grundvelli æskulýðslaga og aðila sem gera samning við Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Það þýðir að öll þau sem sækja skipulagðar æfingar eða félagsstarf á landinu geta leitað til samskiptaráðgjafa varðandi einelti eða ofbeldi sem þau telja sig hafa orðið fyrir í sínu íþróttar- eða æskulýðsstarfi.

Heimasíðan er <https://www.samskiptaradgjafi.is/>.

Tölvupóstur: samskiptaradgjafi@samskiptaradgjafi.is

7.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Keflavík, íþróttar- og ungmennafélag er fyrirmyndarfélag ÍSÍ en slík viðurkenning er veitt til fjögurra ára í senn. Handbókin var endurnýjuð fyrir 2 árum og því er endurnýjun næst núna í ár 2026. Við erum afar stolt yfir að vera fyrirmyndar félag og eins og svo oft áður þá vorum við fyrsta félagið til að hljóta þá nafnbót.

8.0 Lokaorð

Þegar við lítum um öxl og förum yfir síðasta ár hjá Keflavík þá eru nokkur atriði sem standa uppúr er varða íþróttastarf félagsins. Við erum að stækka sem félag og erum við með um 3000 iðkendur eins og áður hefur komið fram og fjöldinn allur af þjálfurum og sjálfbóðaliðum. Keflavík er orðið mjög stórt félag eða fyrirtæki. Skyldur og ábyrgðir eru að aukast verulega á sjálfbóðaliðana okkar. Skatturinn er að þrýsta á félögin og vilja skattleggja nánast allt sem kemur að íþróttum. Skiptir engu hvort um sé að ræða auglýsingar, bílar sem deildir fá til afnota eða jafnvel mótahald eins og Nettó mótið hjá körfunni. Einnig er alltaf verið að þrýsta á okkur að borga stefgjöld fyrir þau lög sem við erum að spila á leikjum eða æfingum. Allar svona aðgerðir draga úr sjálfbóðaliða starfi og fer sá hópur fólks sem vill taka þátt í sjálfbóðaliða starfi verulega fækkandi á meðan listar frambjóðenda fyrir sveitastjórnarkostningarnar í ár virðast vera eftirsóttarverð sæti. Enda eru þau störf launuð. Á síðasta aðalfundi ræddum við um íþróttabæinn Reykjanesbæ sem allir blása upp þegar vel gengur en síðan ekki söguna meir. Nú er staðan einfaldlega orðin sú að Keflavík þarf nauðsynlega á nýrri



aðstöðu að halda fyrir starfsemi félagsins og deilda þess. Allar aðstöður deildanna eru sprungnar. Blakið getur ekki haldið mót þar sem að eini löglegi völlurinn er í Akurskóla og ekki virðist vera hægt að fá tíma þar. Taekwondo deildin stækkar og stækkar og salurinn gjörsamlega sprunginn. Knattspyrnan æfir og keppir við óviðeignadi aðstöðu sem varla er hægt að bjóða liði sem spilar á meðal þeirra bestu. Vellir og aðbúnaður standast ekki kröfur KSÍ. Hinsvegar hefur Reykjanesbær farið í að reyna að lappa upp á það sem hægt er fyrir komandi keppnistímabil. En betur má ef duga skal. Körfuknattleiksdeildin hefur til afnota klefa sem ekki standast neinar hljóðvistir og áhorfendastúkur löngu úr sér gengnar og húsnæðið komð á tíma í viðhaldi. Skólarnir farnir að taka meiri tíma í eknslu sem þýðir ða æfingar geta ekki byrjað fyrr en seint á daginn. Rafíþróttadeildin æfir og spilar í húsnæði sem félagið á og er komið að verulegu viðhaldi þar. Er nánast ekki boðlegt. Skotdeildin æfir bæði úti á Reykjanesi, þar sem deildin er búin að byggja sér glæsilega aðstöðu, og í sundmiðstöðinni á sunnubrautinni þar sem alltaf er verið að ýja að að deildin sé fyrir. Fimleikadeildni er í svokölluðu bráðabirgðar húsnæði til langstíma. Þau geta ekki haldið nein mót og eiga því erfitt með að reka deildina sökum lítilla tækifæra til fjáröflunnar. Einnig fengu þau sal uppi í Keili til bráðabirgða til að getað æft hópdans fyrir hópafimleika og fyrir það erum við þakklát. Eins og þið heyrði af þessari upptalningu deildanna okkar þá er kominn tími á alvöru aðstöðu fyrir félagið. Til að félag eins og Keflavík geti eflst og dafnað þá eru aðstöðu mál lykil forsenda þess. Að félagið geti vrið með starfsemi deildana undir sama þaki skiptir gríðarlega miklu máli fyrir bæði iðkendum og starfsfólk félagsins svo ekki sé minnst á hjartað í félaginu. Við höfum verið að bíða í nokkur ár núna eftir niðurstöðu frá þessari þriggja manna nefnd sem stofnuð var til að klára þarfagreiningu félagsins og koma með tillögu að uppbyggingu íþróttamannvirkis en ekkert hefur heyrst varðandi niðurstöðu þessarar nefndar núna í nokkra mánuði eða tæpt ár. Félag eins og Keflavík getur ekki beðið mikið lengur og það þarf ekki að líta lengra en til njarðvíkur til þess að sjá hvað svona mannvirki gerir fyrir deildir eins og sannað hefur með tilkomu ICE Mar hallarinnar í innri Njarðvík. Aukning á iðkendum, sjálfbodaliðum og meiri tekjuöflun fyrir félagið í formi viðburða sem hægt er að halda í húsinu. Áðan las ég fyrir ykkur hvað félagið héldi úti mörgum viðburðum á síðasta ári eða samtals 12.853 viðburðir. Ef við verðleggjum þetta þá getum við sagt að það séu að lágmarki 7 einstaklingar sem koma að hverjum viðburði og hver og einn er með 4000 krónur í laun þá erum við að tala um 359.884.000 kr sem unnið er í sjálfbodavinnu. Við hjá Keflavík teljum að okkar tími sé kominn hvað varðar uppbyggingu íþróttamannvirkja. Íþróttir eru kannski ekki lögskyld starfsemi sveitarfélaga en hún er allavega eina af grunnstöðum þess. Við þreytumst ekki á að segja það að besta leiðin fyrir nýbúa í sveitarfélaginu, til að aðlagast nýju umhverfi, er í gegnum íþróttir! Snúum bókum saman og keyrum þetta í gang og verum stollt af störfum íþróttahreyfingarinnar í sveitarfélaginu og veitum þeim viðunandi aðstöður til að íþróttir muni eflast og við getum aftur verið stollt að kalla Reykjanesbæ íþróttabæ.

*Björg Hafsteinsdóttir formaður
Keflavíkur íþróttar- og ungmennafélags*

9.0 Íþróttakarl- og kona Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2025



Íþróttakarl og – kona Keflavíkur 2025

Jóhannes Frank Jóhannesson og Eva
Margrét Falsdóttir

9.1 Íþróttakona Keflavíkur 2025

Eva Margrét hefur verið fastamaður í landsliði SSÍ og hefur átt mjög annríkt í landsliðsverkefnum þetta árið. Hún hefur verið dugleg að endurskrifa metabækur Keflavíkur/ÍRB í fullorðinsflokki, nánast í öllum sundaðferðum því hún er mjög fjölhæf, enda er hennar aðalgrein fjórsund.

Keppnisverkefnin hafa verið mjög þétt hjá Evu á þessu tímabili. Smáþjóðaleikar í lok maí, EM23 í lok júní, Íslandsmótið í byrjun nóvember og svo endaði hún árið á Norðurlandamótinu núna í lok nóvember. Þar náði hún bestum árangri í 400m fjórsundi þar sem hún vann silfurverðlaun og 200m fjórsundi þar sem hún vann bronsverðlaun.



Eva Margrét vann til sex Íslandsmeistararitla á árinu og einnig kom hún hlaðin verðlaunum frá Smáþjóðaleikum í Andorra eða með alls tvenn gullverðlaun og tvenn bronsverðlaun. Eva Margrét vann sinn fyrsta Íslandsmeistarartitil í eintaklingsgrein árið 2019 og síðan þá hefur hún unnið 44 Íslandsmeistararitla í eintaklingsgrein og fróðlegt væri að vita hvort hægt sé að finna einstakling í sögu félagsins sem hefur unnið jafn marga titla. Eva Margrét er í Afrekslandsliði SSÍ, hún er afar metnaðarfull og duglegur einstaklingur og frábær fyrirmynd í alla staði.

9.2 Íþróttakarl Keflavíkur 2025

Á árinu varð Jói Íslandsmeistari í greininni og náði jafnframt einstökum árangri á alþjóðavettvangi. Á Heimsmeistaramóti Benchrest-riffigreina í Wright City, Missouri í september 2025 vann hann gull í sinni aðalgrein 100 + 200 metra grúppum, auk þess sem hann hlaut silfur í Light Varmint 200 m, brons í Light Varmint 100 m og silfur í „2 Gun“. Alls fjórar medalíur á einu heimsmeistaramóti þar sem yfir 80 af bestu skyttum heims kepptu.



Fyrr á árinu varð Jói einnig tvöfaldur Evrópumeistari í 100 og 200 metra greinum á Evrópumóti í Frakklandi, þar sem yfir 70 keppendur frá 11 löndum tóku þátt. Allur þessi árangur náðist á einu ári og undirstrikar að hér er um afrek á heimsmeiðum að ræða.

9.3 Íþróttakarlar- og kona deilda Keflavíkur 2025

Knattspyrnukarlar: Kári Sigfússon **Knattspyrnukona:** Salome Kristín Róbertsdóttir

Körfuknattleikskarlar: Jaka Brodnik **Körfuknattleikskona:** Sara Rún Hinriksdóttir

Fimleikakona: Andrea Ósk Arnarsdóttir

Sundkarlar: Daði Rafn Fálsson **Sundkona:** Eva Margrét Falsdóttir

Taekwondokarlar: Amir Maron Ninir **Taekwondokona:** Heiða Dís Helgadóttir

Blakkona: Dagfríður Ásta Rúnarsdóttir

Skotkarlar: Jóhannes Frank Jóhannesson **Skotkona:** Paula Gunnlaugsdóttir fric

9.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2025

37 Íslandsmeistarar KEFLAVÍKUR 2025

Sunddeild 15, Taekwondo 19, Skotdeild 2, fimleikar 2. flokkur og Frjálsar 1

10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2025

Aðalstjórn Keflavíkur sendi út á stjórnir deilda og aðila sem hafa unnið mikið fyrir félagið til að fá aðstoð við að útnefna sjálfboðaliða ársins. Í flestum tilfellum kom upp sama nafnið og fylgdi setningin það kemur enginn annar til greina en hann. Hann er alltaf boðinn og búinn að hjálpa hvenær sem er og á hvaða tíma sem er.

Að þessu sinni er það Davíð Örn Óskarsson sem hlotnast sá heiður að fá starfsbikar Keflavíkur fyrir árið 2024. Gefandi er UMFI.



Starfsbikar Keflavíkur

Davíð hefur unnið mikla sjálfboðaliðavinnu fyrir deildir félagsins og er ávallt boðinn og búinn og að koma og leggja félaginu eða deildum hjálparhönd. Er einn af þeim aðilum sem hafa búið til markaðsefni fyrir félagið og deildir innan Keflavíkur. Skiptir aldrei mái hvenær maður hringir í hann, hann segir aldrei nei og hjólar í allt sem maður býður hann um. Hann hefur setið í stjórn körfuknattleiksdeildar í 9 ár og er nú formaður Rafíþróttadeildar og hefur gengt því í þrú ár eða frá stofnun hennar. Davíð er einn af stofnendum Rafíþróttadeildarinnar.

Því er það mikill fengur að hafa mann eins og Davíð innan okkar raða, eða eins og hann segir „... Ef ég get ekki gert það þá getur það enginn“



11.0 Starfsmerki.

11.1 Gullmerki

Gullmerkji Keflavíkur er veitt fyrir 15 ára stjórnarsetu.

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09

Einar Haraldsson	aðalstjórn	Birgir Ingibergsson	aðalstjórn- sund
Kári Gunnlaugsson	aðalstjórn	Jónas Þorsteinsson	badmintondeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11

Sigurvín Guðfinnsson	aðalstjórn	Árni Pálsson	skotdeild
Þórður Magni Kjartansson	aðalstjórn		

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12

Guðjón Axelsson	aðalstjórn
-----------------	------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13

Bjarney S. Snævarsdóttir	aðalstjórn
--------------------------	------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24. febrúar '14

Birgir Már Bragason	knattsp.- körfuknattleiksdeild	Sveinn Adólfsson	aðalstjórn
Dagbjört Ýr Gylfadóttir	badmintondeild		

Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '16

Þorsteinn Magnússon	knattspyrnadeild
---------------------	------------------

Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '17

Lilja Karlsdóttir	badmintondeild
-------------------	----------------

Veitt á aðalfundi knattspyrnadeildar KEFLAVÍKUR '18

Hermann Helgason	knattspyrnadeild
------------------	------------------

Veitt á aðalfundi badmintondeildar KEFLAVÍKUR '19

Kristján Þór Karlsson	badmintondeild
-----------------------	----------------

Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '20

Ólafur Birgir Bjarnason	knattspyrnadeild	Barni Sigurðsson	skotdeild
-------------------------	------------------	------------------	-----------

Veitt á aðalfundi sunddeildar KEFLAVÍKUR '23

Falur Helgi Daðason	sunddeild
---------------------	-----------

Veitt á aðalfundi badmintondeildar KEFLAVÍKUR '24

Stefanía S. Kristjánsdóttir	badmintondeild
-----------------------------	----------------

Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '25

Guðný Magnúsdóttir	sunddeild	Jónas Andrésson	skotdeild
--------------------	-----------	-----------------	-----------



11.2 Silfurmerki

Silfurmerkji Keflavíkur er veitt fyrir 10 ára stjórnarsetu.

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29. febrúar '04

Einar Haraldsson	aðalstjórn	Birgir Ingibergsson	aðalstjórn- sund
Kári Gunnlaugsson	aðalstjórn	Jónas Þorsteinsson	badmintondeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05

Rúnar Arnarson	knattspyrnudeild
----------------	------------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06

Árni Pálsson	skotdeild	Sigurvin Guðfinnsson	aðalstjórn
Sesselja Birgisdóttir	badmintondeild	Þórður M Kjartansson	aðalstjórn

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07

Þorgrímur St. Árnason	körfuknattleiksdeild	Guðjón Axelsson	aðalstjórn
-----------------------	----------------------	-----------------	------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08

Birgir Már Bragason	körfuknattleiksdeild	Bjarney S. Snævarsdóttir	aðalstjórn
---------------------	----------------------	--------------------------	------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09

Sveinn Adolffsson	aðalstjórn	Grétar Ólason	knattsp.- körfuknattleiksdeild
Guðsveinn Ólafur Gestsson	körfuknattleiksdeild	Dagbjört Yr Gylfadóttir	badmintondeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '10

Lilja Dögg Karsdóttir	badmintondeild
-----------------------	----------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11

Geir Gunnarsson	skotdeild	Hermann Helgason	körfuknattleiksdeild
Þorsteinn Magnússon	knattspyrnudeild		

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12

Hjörleifur Stefánsson	knattspyrnudeild	Ólafur Birgir Bjarnason	knattspyrnudeild
-----------------------	------------------	-------------------------	------------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13

Jón S. Ólafsson	knattspyrnudeild	Ásgeir S. Vagnsson	skotdeild
-----------------	------------------	--------------------	-----------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24. febrúar '14

Einar Helgi Aðalbjörnsson	knattspyrnudeild	Oddur Sæmundsson	knattspyrnudeild
Kristján Þór Karlsson	badmintondeild		

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '15

Bjarni Sigurðsson	skotdeild
-------------------	-----------

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '16

Ásdís Júlíusdóttir	badmintondeild	Halldóra B. Guðmundsdóttir	fimleikadeild
Júlíus Friðriksson	sund- og fimleikadeild	Hjördís Baldursdóttir	knattspyrnudeild

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '17

Falur Helgi Daðason	sunddeild
---------------------	-----------

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '19

Guðmunda Róbertsdóttir	sunddeild	Stefanía S Kristjánsdóttir	badmintondeild
------------------------	-----------	----------------------------	----------------



KEFLAVÍK íþrótt- og ungmennafélag

Ársskýrsla 2025

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '20

Sigurþór Sævarsson sunddeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR '20

Eva Björk Sveinsdóttir fimleikar aðalstjórn

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '21

Guðný Magnúsdóttir sunddeild
Jónas Andrésson skotdeild

Blámar Örn Jónasson sunddeild

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '22

Sigurgeir R. Jóhannsson skotdeild
Kristín Blöndal körfuknattleiksdeild
Smári Helgason knattspyrnudeild/unglingar

Sigurður Gréta Grétarsson körfuknattleiksdeild
Elisabet Lovísa Björnsdóttir knattspyrnudeild/unglingar

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '23

Benedikta Benediktsdóttir knattspyrnudeild
Guðrún Jóna Árnadóttir blakdeild

Björgvin Magnússon knattspyrnudeild
Ragnar Franz Pálsson skotdeild

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '24

Ragnhildur H. Ingólfssdóttir knattspyrnudeild/unglinga
Björg Hafsteinsdóttir karfa kvenna/aðalstjórn
Sveinbjörg Sigurðardóttir fiml/aðalstjórn

Davíð Óskarsson Körfuknatt/rafiþróttadeild
Jónína Steinunn Helgadóttir fiml/aðalstjórn

11.3 Bronsmerki

Bronsmerki Keflavíkur er veitt fyrir 5 ára stjórnarsetu.

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24.febrúar '99

Einar Haraldsson aðalstjórn
Kári Gunnlaugsson aðalstjórn
Birgir Ingibergsson aðalstjórn
Sigurvin Guðfinnsson aðalstjórn
Hildur Kristjánsdóttir aðalstjórn
Erla Sveinsdóttir körfuknattleiksdeild
Jóhanna Kr. Guðbjartsdóttir körfuknattleiksdeild
Gunnar H. Jóhannsson badmintondeild

Viðar Guðjónsson Jónas Þorsteinsson Þorsteinn Þorsteinsson Guðmundur Þórðarson Karítas Sigurvinsdóttir

badmintondeild
badmintondeild
badmintondeild
Knattspyrnudeild
fimleikadeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29.febrúar '00

Rúnar Arnarson knattspyrnudeild
Páll Guðmundsson skotdeild

Guðmundur Brói Sigurðsson íþróttir fyrir alla
Bryndís Skúladóttir fimleikadeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27.febrúar '01

Þórður Magni Kjartansson aðalstjórn
Grétar Ólason knattspyrnudeild
Þorgrímur St. Árnason körfuknattleiksdeild
Árni Pálsson skotdeild

Ingiber Óskarsson Ólafur Örn Ingibergsson Ólöf Sveinsdóttir Guðmundur Sighvatsson

keiludeild
fimleikadeild
fimleikadeild
knattspyrnudeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 18.febrúar '02

Birgir Þór Runólfsson knattspyrnudeild
Jón B. Olsen knattspyrnudeild

Sigurbjörg Guðmundsdóttir Sesselja Birgisdóttir

fimleikadeild
badmintondeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25.febrúar '03

Guðjón Axelsson aðalstjórn
Þorsteinn Magnússon knattspyrnudeild
Birgir Már Bragason körfuknattleiksdeild

Guðrún Sigurðardóttir Bjarney S. Snævarsdóttir Halldór Þórólfsson

fimleikadeild
sunddeild
sunddeild



KEFLAVÍK íþrótt- og ungmennafélag

Ársskýrsla 2025

Jón Ingiberg Kristjánsson

badmintondeild

Guðni Pálsson

skotdeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29. febrúar '04

Sveinn Adolfsson

Guðsveinn Ólafur Gestsson

aðalstjórn

körfuknattleiksdeild

Heimir Sigursveinsson

Dagbjört Yr Gylfadóttir

sunddeild

badmintondeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05

Erlingur Hannesson

Hrannar Hólm

Knattspyrnudeild

körfuknattleiksdeild

Lilja Karlsdóttir

Rúnar Georgsson

badmintondeild

körfuknattleiksdeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06

Einar Skaftason

Gunnar Jóhannsson

Hermann Helgason

körfuknattleiksdeild

körfuknattleiksdeild

körfuknattleiksdeild

Niels Hermannsson

Árni Leifsson

Geir Gunnarsson

sunddeild

Skotdeild

Skotdeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07

Elín Kjartansdóttir

Klemenž Sæmundsson

Sigríður Björnsdóttir

sunddeild

sunddeild

sunddeild

Ólafur Birgir Bjarnason

Halldór Leví Björnsson

Hjörleifur Stefánsson

Þorsteinn Marteinnsson

knattspyrnudeild

knattspyrnudeild

knattspyrnudeild

skotdeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08

Jón S. Ólafsson

Særun Guðjónsdóttir

körfu-knattspyrnudeild

körfuknattleiksdeild

Jónína S. Helgadóttir

Ásgeir Svan

fimleikadeild

skotdeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09

Oddur Sæmundsson

Einar H. Aðalbjörnsson

Eva Björk Sveinsdóttir

Herdís Halldórsdóttir

Sveinbjörg Sigurðardóttir

knattspyrnudeild

sund-knattspyrnudeild

fimleikadeild

fimleikadeild

fimleikadeild

Guðmundur Jón Bjarnason

Ingunn Gunnlaugsdóttir

Kristján Þór Karlsson

Eiríkur Ásgeirsson

Þóra Gunnarsdóttir

sunddeild

badmintondeild

badmintondeild

skotdeild

taekwondodeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '10

Rannveig Ævarsdóttir

Sigrún Ómarsdóttir

taekwondodeild

taekwondodeild

Júlíus Friðriksson

Bjarni Sigurðsson

sunddeild

